

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðar-sýslu um skyldu landsbankans til þess að láta skattanefndum í tje skýrslur um innieign viðskiptamanna bankans. — Þjer hafð, herra sýslumaður, í þóknanlegu brjefi, dags. 9. f. m., beiðst úrskurðar míns um, hvort sjórn landsbankans í Reykjavík sje ekki skyld til að láta yður, sem formanni yfirskattanefnda í sýslu yðar, eða þá skattanefndunum í tje skýrslu um það, hverjir menn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu hafi árin 1890 og 1891 átt fje á vöxtum í landsbankanum, og hve mikið vaxtafje hverjum þeirra hefir til fallið hvort árið, en þar að lútandi áskorun yðar hefur bankastjórnin neitað með skírskotun til 9. greinar í reglugjörð landsbankans, 5. júní 1886. Ástæðu fyrir þessari áskorun yðar teljið þjer þá, að nauðsyn beri til að leiðrjetta skattskrárnar í sýslu yðar, með því að hingað til hafi þar eigi verið taldar fram aðrar eignartekjur, en tekur af fasteign, þótt vextir af innstæðufje, er bankinn helzt gæti gefið upplýsingar um að mun, sjeu engu síður skattskyldir eptir lögunum, en heimild til þess að krefjast nefndra skýrslna teljið þjer yður hafa í 12. gr. í lögum um tekjuskatt 14. desbr. 1877.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð það, er hjer segir:

Á bankastjórninni eða starfsmönnum bankans hvilir engin skylda til að grennslast eptir því, hver er eigandi að fje, sem lagt er til ávöxtunar inn í sparisjódsdeild bankans, og getur bankastjórnin eptir hlutarins eðli enga vissu haft um það. Viðskiptabækur geta gengið kaupum og sölum, án þess bankanum sje þar um nokkur vitneskja gjörð, og þurfa þær ekki að hljóða upp á neitt nafn, heldur að eins tölumerki, eins og opt er og tíðkað. Einnig má leggja fje inn undir tilbúnu nafni, og hefir bankinn enga ástæðu til að spyrja um visting og heimili, þótt nafn sje upp gefið, þar sem handhafi bókarinnar er rjettur hlutadeigandi gagnvart bankanum. Af þessu leiðir, að bankastjórnin getur ekki svarað slíkum almennum spurningum, eins og þeirri, er þjer hafð borið upp fyrir henni, með því að hvorttveggja getur verið, að margir menn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu eigi fje til ávöxtunar í bankanum, þótt bankastjórnin viti ekki, að þessir menn eiga þar heima, og eins hitt, að menn þaðan, er upphaflega hafa verið ritaðir fyrir innlögðu fje, hafi síðan afhent öðrum viðskiptabækur sínar, eður og frá upphafi lagt fje inn fyrir aðra; og jafnvel þótt álitid yrði, að bankastjórnin sje samkvæmt 12. gr. tekjuskattslaganna skyld til að láta fram þær upplýsingar, sem eptir kringumstæðunum er unnt, um *creditupphæð* tiltekinna manna, þá væri slík skýrsla engin sönnun um eign mannsins eða tekjur hans, en mundi baka bankanum allmikið óþarft erfiði og jafnvel fæla menn frá því, að nota sparisjóðinn eins og heill og hagsæld krefur. Jeg sje því ekki ástæðu til, að skylda bankann til að gefa skattanefndum eða yfirskattanefndum hinar umbeðnu skýrslur og það því síður, sem skattanefndir hafa jafnan þann veg, ef þeim þykir framtal einhvers of lágt, eða hafa grun um, að einhver eigi vaxtafje, sem hann segir ekki til, að áætla honum tekjur nógu ríflega, svo að þær sjeu vissar um, að hann hafi ekki meiri, og láta hann

61 síðan færa sönnur á sitt mál að lögum, ef hann vill kæra yfir því, að hann 24. marz sje settur of hátt í skatt.

62
25. marz

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðar sýslu um skattskyldu ýmsra tekjugreina. — Í þóknanlegu brjefi, dags.

5. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, beint til mín fyrirspurnum þeim um rjettan skilning á tekjuskattslögunum 14. desbr. 1877, er nú skal greina:

1. Hvort sýslumönnum sje skylt að greiða tekjuskatt af innheimtulaunum af uppboðsfje.
2. Hvort hinar svo kölluðu aukatekjur presta, þ. e. borgun fyrir aukaverk, sjeu skattskyldar samkvæmt lögunum.
3. Hvort læknum beri að greiða skatt af tekjum af lækningum (praxis).
4. Hvort þau hlunnindi, að hafa leigulaust ábyli eigi ekki að reiknast með skattskyldum tekjum presta.

Hafið þjer beiðst álits míns um þessi atriði, til þess að yfirskattanefndirnar geti haft hliðsjón af því, þegar þær fara að leiðrjetta skattaskrárnar fyrir síðastliðið ár.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, að með því að allar þær tekjugreinir, er fyrirspurnirnar ræða um, falla undir 5. gr. tekjuskattslaganna, sem atvinnutekjur, sem ekki renna af landbúnaði nje sjáfarútvegi, þá getur að mínu áliti enginn vafi leikið á því, að jákvæði beri að greiða við öllum spurningum.

Út af athugasemdum yðar við hverja einstaka fyrirspurn, skal jeg taka fram það, er hjer segir.

1. Greinarmunur sá, er þjer viljið gjöra á uppboðsinnheimtulaunum, er verði að skoðast sem embættistekjur, og launum fyrir innheimtu á uppboðsfje, sem sýslumenn takist á hendur sem privatmenn, án þess þeir sjeu skyldir til þess sem embættismenn, virðist stafa af misskilningi, því að eins og það er á valdi þess, sem uppboðs beiðist, að taka sjálfur að sjer innheimtuna eða fela hana öðrum manni, sem þá einnig getur verið uppboðshaldarinn sjálfur, þannig er hið sama, þegar sýslumaður gjörir í embættisnafni ráðstafanir til þess að uppboð sje haldið, t. a. m. sem lögreglustjóri á skipstrandi eða sem skiptarándandi í dánar- eða þrotabúi, að honum er þá ávallt frjálst að kjósa um, hvort hann vill fela innheimtu uppboðsandvirðisins einhverjum skilvísnum manni eða annast hana sjálfur, sbr. lög um skipströnd 14. janúar 1876, 18. gr., opið brjef 3. júní 1818 og skiptalög 12. apríl 1878, 30.—31. gr. En hvort sem sýslumaður tekur að sjer innheimtu á uppboðsfje eptir tilmælum uppboðsbeiðanda, eða hann gjörir það sem umráðamaður uppboðsmunanna, þá verða innheimtulaunin að skoðast sem tekjur af vinnu og vera skattskyldar eptir 5. gr. tekjuskatts-